

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/1999

frá 5. nóvember 1999

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/1999 frá 30. apríl 1999⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/89/EB frá 20. nóvember 1998 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/152/EBE varðandi hámarkshraða ákveðinn með hönnun og burðarpalla landbúnaðardráttarvéla á hjólum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 74/152/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0089:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/89/EB frá 20. nóvember 1998 (Stjtið. EB L 322, 1.12.1998, bls. 40).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 9.11.2000, bls. 8.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 322, 1.12.1998, bls. 40.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/89/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 5. nóvember 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner